

10. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda skulu senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um veiðarnar. Skili aðilar ekki skýrslum tveim mánuðum eftir lok vertíðar, fá þeir ekki leyfi til grásleppuveiða á næstu vertíð á eftir, sæki þeir um leyfi þá. Sama gildir veiti aðilar vísitandi rangar upplýsingar í skýrslu.

11. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn ráðuneytisins eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt, og er skylt að gera þessum aðilum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum, sem þessir aðilar telja nauðsynlegar.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 108 23. febrúar 1978, um grásleppuveiðar.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og 4. gr. reglugerðar þessarar er ráðuneytinu heimilt á vertíðinni 1980 að veita aðilum leyfi til grásleppuveiða á báta, sem stærri eru en 12 brúttórúmllestir í tilraunaskyni. Leyfi þessi skulu bundin við þá aðila, sem undanfarin 3 ár hafa fengið leyfi á báta stærri en 12 brúttórúmllestir, og skulu þau takmörkuð við veiðisvæði, sem yrðu að öðrum kosti vannýtt.

Sjávarúvegsráðuneytið, 28. janúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Jón B. Jónasson.

4. febrúar 1980.

Nr. 106.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í febrúar—apríl 1980.

1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi í 27 daga samtals á tímabilinu frá 1. febrúar til 30. apríl 1980. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana þó þannig, að hvert skip skal láta af þorskveiðum ekki skemur en 9 daga í senn.

2. gr.

Tilhögun veiðitakmarkana samkvæmt 1. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu áður en þær hefjast hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi skip skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

3. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni samkvæmt 1.—2. gr. gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma, er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabilið.
2. Lok tímabils miðast við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildar aflanum, telst sá tími er fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

4. gr.

Á tímabilinu frá hádegi 29. mars til hádegis 8. apríl, er skipum öðrum en þeim, sem upp eru talin í 1. gr., bannaðar allar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Á þessu tímabili er óheimilt að hafa öll þorskfiskanet í sjó.

5. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1.—2. gr. og 4. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

6. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 1.—2. gr. og 4. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 5. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins samkvæmt 1.—2. gr. og 4. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. febrúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

1. febrúar 1980.

Nr. 107.

REGLUGERÐ

um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa.

1. gr.

3% útflutningsgjalds samkvæmt b) lið í 2. tölul. 2. gr. og tekjum samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980 um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal varið til að styrkja útgerðaraðila til að taka úrelt og óhagkvæm fiskiskip úr notkun.

2. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, úreldingarsjóð, sem tekjur samkvæmt 1. gr. skulu renna til. Heimili sjóðsins verður hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem veitir viðtöku umsóknum um styrki úr sjóðnum.

3. gr.

Sérstök stjórn skal úthluta fé úr sjóðnum. Stjórnina skipa þrír af stjórnarmönnum Samábyrgðarinnar sem stjórn hennar tilnefnir, og að auki þrír menn sem sjávarútvegsráðherra skipar samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Fiskveiðasjóður Íslands,

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands,

Sjómannasamband Íslands.

Ráðherra skipar þessa þrjá fulltrúa samtímis því að skipað er í stjórn Samábyrgðarinnar.

Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins skal greiddur af aflafé hans þ. á m. kostnaður, sem Samábyrgðin greiðir vegna starfsemi hans.

4. gr.

Þegar útgerðaraðila er veitt fé úr sjóðnum, skal tekið tillit til bóta, sem hann kann samtímis að fá úr Aldurslagasjóði samkvæmt II. kafla laga nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Þótt útgerðaraðili eigi ekki rétt á bótum úr Aldurslagasjóði, skal það þó ekki hamla því, að hann fái styrk úr úreldingarsjóðnum, ef sjóðsstjórn telur ástæðu til að slíkur styrkur sé veittur.

5. gr.

Stjórn úreldingarsjóðs skal við úthlutun styrkja meta fjárhagsstöðu umsækjenda með tilliti til allra skulda, veðskulda, haldsréttarskulda og lausaskulda. Sjóðsstjórn er ekki skylt að veita styrk að því marki að útgerðaraðili verði skuldlaus.